

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um endurskoðun námslánakerfisins.

Frá Guðmundi Andra Thorssyni.

1. Hefur verið haft nægilegt samráð við námsmenn við endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna og komið til móts við óskir þeirra, en í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna segir að ráðist verði í endurskoðun námslánakerfisins í samstarfi við námsmannahreyfingarnar?
2. Er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í samræmi við kostnað sem fylgir innleiðingu styrkjakerfis að norrænni fyrirmynd sem gefin eru fyrirheit um í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna?
3. Mun ráðherra leggja til að vaxtastig námslána verði hækkað og tekjutengdar afborganir afnumdar af lánakjörum lántakenda?

Skriflegt svar óskast.